

Erindisbréf jafnréttisnefndar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins starfar þriggja manna jafnréttisnefnd sem er skipuð af forstjóra til þriggja ára í senn. Nefndin kýs sér formann. Með nefndinni starfar starfsmaður af starfsmannasviði HH.

Starfssvið jafnréttisnefndar

Starfssvið jafnréttisnefndar nær til jafnréttismála í víðum skilningi sbr. 65. gr. stjórnarskrárinna en þar segir: „*Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti*“. Jafnframt starfar nefndin í samræmi við gildandi lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.

Hlutverk jafnréttisnefndar er:

- ✓ Að hafa eftirlit með að farið sé að lögum og reglum í jafnréttismálum og að jafnréttisáætlun sé framfylgt.
- ✓ Að gera tillögur að jafnréttisáætlun sbr. 2. mgr. 18. gr. jafnréttislaga. Jafnréttisáætlun þarf að leggja fyrir framkvæmdastjórn til samþykktar en tillagan skal taka mið af starfsmannastefnu stofnunarinnar.
- ✓ Að veita ráðgjöf og umsögn í jafnréttismálum innan Heilsugæslunnar.
- ✓ Að afla tölulegra upplýsinga um jafnréttismál til birtingar.
- ✓ Að eiga frumkvæði að umræðu og fræðslu um jafnréttismál innan Heilsugæslunnar.
- ✓ Að viðhalda stefnu Heilsugæslunnar í jafnréttismálum og gera tillögu til framkvæmdastjórnar ef breytinga er þörf.

Önnur verkefni jafnréttisnefndar

Jafnréttisnefnd setur sér starfsreglur, sem samþykktar skulu af framkvæmdastjórn.


Nefndin fundar að jafnaði mánaðarlega yfir vetrartímann. Nefndin skal halda fundargerðir og birta lýsingar á starfi sínu á innri vef Heilsugæslunnar, ásamt gögnum um jafnréttismál sem nefndin telur ástæðu til að hafa þar aðgengileg fyrir starfsmenn.

Eftirtaldir eru skipaðir í jafnréttisnefnd Heilsugæslunnar tímabilið 2012 til 2015:

Davíð Vikarsson, sálfræðingur
Halldór Jónsson, læknir
Kristín S. Þórarinsdóttir, hjúkrunarfræðingur

Hólmfríður Erla Finnsdóttir, viðskiptafræðingur á starfsmannasviði starfar með nefndinni.

Reykjavík, 30. mars 2012



Svanhvíð Jakobsdóttir,
forstjóri